





LENGJU **DEILDIN**

TÍMABILIÐ 2024

Leikskrá



 **GRJÓTGARÐAR** EHF  **RAFHOLT**

ÍSLENSKA 
GÁMAFÉLAGIÐ

Baráttu allt til enda

Stutt yfirferð um síðasta tímabil

Síðasta tímabil Njarðvíkur í Lengjudeildinni var sveiflukennt. Fyrir tímabil kvöddum við Njarðvíkingar Bjarna Jóhannsson þjálfara og Hólmar Örn Rúnarsson aðstoðarþjálfara.

Við keflinu tók Arnar Hallsson. Arnar Smárason var svo ráðinn aðstoðarþjálfari hans. Liðið sýndi mjög svo góðar frammistöður á undirbúnigstímabili og var nokkur bjartsýni fyrir Lengjudeildinni.

Stigasöfnun gekk erfiðlega fyrstu umferðirnar og eftir 11 umferðir var liðið aðeins með 8 stig, 1 sigur, 5 jafntefli og 5 töp. Í 12.umferð sóttum við svo Ægi heim í Þorlákshöfn sem voru á botninum, einu sæti fyrir neðan okkur. Ljóst var að það var að duga eða drepast fyrir Arnar Hallsson þjálfara í þessum leik en því miður tapaðist leikurinn 1-0.

Stjórn Njarðvíkur tók þá ákvörðun um að segja upp samningi við Arnar Hallsson. Því miður fór þetta ekki eins og menn vonuðu og bjuggust við og voru menn sammála því að gera þyrfti breytingar.



Gleðin tekur sig á ný

Fyrir 13. umferð var búið að ráða nýjan þjálfara, eyjamanninn Gunnar Heiðar Þorvaldsson. Á þessum tímamarki var þungt yfir Rafholtsvellingum og gaf það augaleið að inn þyrfti að koma stemning, samþjöppun og trú á því að við Njarðvíkingar gætum snúið þessu slaka gengi við.

Þrátt fyrir tap í fyrsta leik Gunnars sá hinn almenni stuðningsmaður það að eitthvað var að breytast. Meiri gleði var komin í hópinn og fólkið í kringum liðið og bjartsýnin vaknaði að nýju. Við tóku sigurleikir gegn Grindavík, Þrótti, Vestra og Selfoss og eftir 17 umferðir var liðið komið upp í 9. sæti. Eftir þessa sigurhrinu tóku svo við 4 tapleikir gegn erfiðari andstæðingum deildarinnar og var virkilega mjótt á munum fyrir lokaumferðina. Njarðvík, Þróttur og Selfoss voru öll jöfn að stigum og börðust fyrir lífi sínu í deildinni. Þróttur gerði sér lítið fyrir og unnu Aftureldingu á meðan Selfoss tapaði 2-1. Njarðvík átti þá 5 mörk á Selfyssinga og eftir 4-0 tap okkar í lokaumferðinni munaði þá aðeins einu marki á okkur og Selfyssingum.

Liðið hélt sér þá uppi á einu marki og var sæti í Lengjudeildinni tryggt að ári. Nú er liðsins að horfa upp töfluna og gera betur á þessu tímabili!

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

RAFHOLT



GRJÓTGARÐAR EHF

ÍSVER EHF.



„Munum gefa öllum liðum leik í þessari deild“

Kenneth Hogg, fyrirliði

Kenneth Hogg hefur verið dyggur þegn Njarðvíkur í mörg ár, frá árinu 2017. Kenny vantar aðeins eitt mark til þess að jafna Sævar Eyjólfsson, markahæsta leikmann Njarðvíkur í sögunni.

Fyrir tímabilið tók Kenny við fyrirliðabandinu og við spurðum Kenny nokkurra spurninga um komandi tímabil.

Hvernig líst þér á hópinn fyrir komandi tímabil?

Ég held að við séum með sterkan hóp af leikmönnum, góð blanda af reynslu og yngri leikmönnum með mikla hæfileika. Við munum þurfa að halda öllum meiðslalausum fyrir sumarið og þurfum að nýta allan hópinn vel. Ég held svo að það gæti hjálpað að bæta við 1-2 íslenskum leikmönnum fyrir tímabilið þar sem við höfum misst leikmenn, vegna meiðsla eða annarra ástæðna.

Hvar ætti Njarðvík að setja markið fyrir sumarið?

Á síðasta tímabili áttum við í erfiðleikum og rétt náðum að halda okkur uppi. Liðið í ár er reynslumeira, hefur spilað lengur saman og erlendir leikmenn komnir aftur. Við getum heldur betur gefið öllum liðum alvöru leiki og við munum setja stefnuna á efri hluta töflunnar. Mikilvægast er fyrir okkur að detta ekki niður í fallbaráttu eins og í fyrra.



Hvernig berðu saman liðið í ár og lið síðustu ára?

Mér finnst liðið í ár vera með tæknilega bestu leikmennina sem ég hef séð í Njarðvík í mörg ár. Við getum haldið boltanum og stjórnað leikjum betur. Á síðustu árum höfum við verið líkamlega sterkir en erum tæknilegri í dag.

Er eitthvað öðruvísi eða betra við hópinn í dag en síðustu ár?

Við erum fjölbreyttari, með leikmenn frá 8 löndum og menn tala mismunandi tungumál. Við erum allir með okkar hugmyndir um fótbolta þar sem við erum með ólíkan bakgrunn. Svo erum við með mjög marga beinskeytta leikmenn sem eiga eftir að búa til haug af færum.

Hvernig er tilfinningin að vera fyrirliði Njarðvíkur?

Ég er mjög stoltur af því. Ég er búinn að vera hérna í langan tíma og finnst eins og ég viti hvað klúbburinn stenfur fyrir, innan sem utan vallar og ég held að ég geti verið góð fyrirmynd með baráttuhug mínum og jákvæða hugarfari. Það er gott fyrir mig að fá þennan stuðing og traust frá öllum.

Þjálfarinn horfir upp á við

Þjálfarinn okkar, Gunnar Heiðar Þorvaldsson er að fara inn í sitt fyrsta heila tímabil með Njarðvík eftir að hafa tekið við liðinu af Arnari Hallssyni um mitt tímabil í fyrra. Með hans aðstoð náði liðið að halda sér uppi með naumindum. Nú hefur hann verið með liðið í heilt undirbúningstímabil og sér möguleika í hópnum til þess að horfa upp á við og setur þjálfari vor stefnuna hátt.

Nú er undirbúningstímabilið að klárast, hvernig hefur liðið komið undan því og hver er staðan á hópnum fyrir átökin í Lengjudeildinni?

Við erum mjög sáttir við undirbúningstímabilið. Æfðum vel og unnum í vissum hlutum sem við ætlum að taka með okkur inn í tímabilið. Staðan er góð á hópnum og var lítið um vöðvameiðsli á undirbúningstímabilinu. Reyndar er Gísli Martin ennþá að vinna í meiðslunum sem hann fékk í lok síðasta tímabils og við erum mjög leiðir yfir að missa Þorstein í krossbandslið rétt fyrir mót. Virkilega leiðinlegt fyrir hann því hann var búinn að vera flottur á undirbúningstímabilinu.

Hvernig meturðu gæðin í hópnum samanborið við liðið sem endaði tímabilið í fyrra?

Gæðin í hópnum eru góð. Við fórum strax í það eftir síðasta tímabilið að framlengja við þá leikmenn sem við



vildum halda til að halda áfram frampróuninni hjá okkur. Höfum einnig bætt í hópinn unga heimamenn og leikmenn sem eru á Reykjanesbæjar svæðinu. Við viljum byggja upp þennan klúbb með heimamönnum í bland við reynslumeiri leikmenn.

Hvert eiga stuðningsmenn að setja stefnuna fyrir komandi tímabil?

Við viljum halda áfram með þá vinnu sem við byrjuðum á síðasta tímabili. Við viljum alltaf bæta okkur og ætlum þá að enda hærra en í 10. sæti á þessu ári.

Hvar sérðu knattspyrnudeild Njarðvíkur á næstu 5 árum?

Mikil vinna fór í það í vetur að "stækka" knattspyrnudeildina. Bæta hlutina hjá okkur og vinna nær því sem þekkist í efstu deild á Íslandi. Markmiðið okkar á næstu árum er að spila í efstu deild með Njarðvík og þurfum við þá smátt og smátt að byrja vinna og reka deildina eins og við þurfum þá að gera í efstu deild.

Leikmenn meistaraflokks tímabilið 2024



Kaj Leó í Bartalstovu
#22

Fyrrum félög: Víkingur Göta, Levanger, Dinamo Bucuresti, FH, ÍBV, Valur, ÍA, Leiknir R.

Lífsmottó: If you're not first, you're last.

Leikdagsrútína: Borða vel og drekka, morgunganga.

Bestu skórnir? Nike Mercurials

Hver er geitin? Messi.



Aron Snær Friðriksson

#1

Fyrrum félög: Tindastóll, Breiðablik, Vestri, Fylkir, KR.

Lífsmottó: Hakuna Matata

Leikdagsrútína: Allt bara eins og vanalega.

Bestu skórnir? Nike Tiempo

Hver er geitin? Messi.



Hreggviður Hermannsson

#24

Fyrrum félög: Keflavík, Víðir.

Lífsmottó: Að njóta en ekki þjóta.

Leikdagsrútína: Köld sturta, hugleiða og göngutúr

Bestu skórnir? Nike Vaporar

Hver er geitin? Eden Hazard



Samúel Skjöldur Ingibjargarson

#23

Fyrrum félög: Uppalinn

Lífsmottó: Betra er seint en aldrei.

Leikdagsrútína: Hafragrautur og síðan bara focus!

Bestu skórnir? Adidas Predator

Hver er geitin? Daniel James



Amin Cosic

#8

Fyrrum félög: HK

Lífsmottó: Inshallah

Leikdagsrúttína: Ég bið til guðs

Bestu skórnir? Vapor XI

Hver er geitin? Cristiano Ronaldo



Joao Ananias Jordao Junior

#7

Fyrrum félög: Náutico, W Connection, Santa Cruz, Cuiabá, Salgueiro, Joinville, Ventspils, River, Brasil de Pelotas, Anápolis, Treze, KF Bylis

Lífsmottó: Be a kind person. The main thing: giving my family a better life!

Leikdagsrúttína: I always try to prepare myself for any situation, always wanting the best!

Bestu skórnir? Nike

Hver er geitin? I see through generations: PELÉ, Ronaldinho Gaúcho and MESSI



Tómas Bjarki Jónsson

#19

Fyrrum félög: Breiðablik, Augnablik

Lífsmottó: Að lifa í núinu!

Leikdagsrúttína: Alls ekki flókin rúttína, verð að borða nóg af kolvetnum (caarbs) og fara út að labba með góða tónlist!

Bestu skórnir? Nike mercurial, annars verð ég að fara prófa Skechers

Hver er geitin? Ekki hægt að gera upp á milli Drogba og Cristiano



Breki Þór Hermannson

#28

Fyrrum félög: Víkingur Ó., Kári, ÍA

Leikir fyrir Njarðvík: 0

Mörk fyrir Njarðvík: 0



Gísli Martin Sigurðsson

#6

Fyrrum félag: Breiðablik, ÍR, Afturelding

Lífsmottó: "If you don't fail, you're not even trying!"

Leikdagsrútína: Halda sér uppteknum, hlaða í sig kolvetnum með makai skál.

Bestu skórnir? Nike Phantoms eins og staðan er í dag

Hver er geitin? Best of the rest hlýtur að vera prime Eden hazard



Arnar Helgi Magnússon

#5

Fyrrum félag: FH

Lífsmottó: Stefndu á tunglið og þú gætir gripið stjórnuna í leiðinni.

Leikdagsrútína: Fæ mér alltaf Nocco á leiðinni í leik.

Bestu skórnir? Copa Mundial

Hver er geitin? Ronaldinho



Erlendur Guðnason

#20

Fyrrum félag: Uppalinn

Lífsmottó: If it makes money, it makes sense

Leikdagsrútína: Ekkert sérstakt

Bestu skórnir? Nike Phantom

Hver er geitin? Leo litli Messi



Freysteinn Ingi Guðnason

#10

Fyrrum félag: Uppalinn

Lífsmottó: Talent isn't enough, you have to work hard for your success

Leikdagsrútína: Ég fer snemma að sofa og reyni að sofa í 9 tíma, svo borða ég vel og tek smá liðkanir og rúlla mig

Bestu skórnir? Nike Mercurial

Hver er geitin? Cristiano Ronaldo suiiii



Andrés Már Kjartansson

#31

Fyrrum félög: HK, Ýmir, Þróttur V.

Lífsmottó: Life is like a box of chocolates, you never know what you're gonna get

Leikdagsrúttína: Nei í rauninni ekki, en reyni alltaf að sofa út

Bestu skórnir? Adidas Predator

Hver er geitin? Messi



Björn Aron Björnsson

#18

Fyrrum félög: Keflavík, Reynir S., Víðir

Lífsmottó: Hafa gaman og njóta

Leikdagsrúttína: Lögn yfir daginn og einn orkudrykkur fyrir leik

Bestu skórnir? Nike Mercurial Vapor

Hver er geitin? CR7



Alexander Freyr Sigvaldason

#21

Fyrrum félög: Uppalinn

Lífsmottó: Be so good they cant ignore you

Leikdagsrúttína: Neibb, engin.

Bestu skórnir? Puma ultra ultimate

Hver er geitin? Leo Messi



Slavi Kosov

#4

Fyrrum félög: Septemvri Sofia, Hebar P., S. Simitli, Litex Lovech, Strumska Slava,

Lífsmottó: Isaiah 60:22

Leikdagsrúttína: Go with the flow

Bestu skórnir? Puma King

Hver er geitin? CR7



Sigurjón Már Markússon

#3

Fyrrum félög: Fjölnir, Vængir Júpíters, Fjölnir

Leikir fyrir Njarðvík: 66

Mörk fyrir Njarðvík: 1



Þorsteinn Örn Bernharðsson

#17

Fyrrum félög: KR, Fram, Haukar, Þróttur R., HK, KV

Leikir fyrir Njarðvík: 24

Mörk fyrir Njarðvík: 0



Oumar Diouck

#9

Fyrrum félög: Beerschot, Royal Antwerp, Wetteren, Helmond Sport, Lommel, KVK Tienen, FC Edmonton, KF.

Leikir fyrir Njarðvík: 69

Mörk fyrir Njarðvík: 44



Kenneth Hogg

#8

Fyrrum félög: Tindastóll

Leikir fyrir Njarðvík: 186 leikir

Mörk fyrir Njarðvík: 74 mörk

**Sturluð staðreynd: Með tveimur mörkum í ár verður
Kenny markahæsti leikmaður í sögu Njarðvíkur**




Dominik Radic

#13

Fyrrum félög: Inter Zapresic, Slaven Belupo, Ruder Velenje, Sigma Olomouc, SKF Sereď, Siroki Brijeg, FC Buzau.

Leikir fyrir Njarðvík: 3

Mörk fyrir Njarðvík: 1



Ibrahima Kalil Camara Diakite

#15

Fyrrum félög: AD Sabinanigo, CD Teurel, Bouzas, CD Ebro

Leikir fyrir Njarðvík: 17

Mörk fyrir Njarðvík: 0

Sturluð staðreynd: Ibra er með stærstu kálfa sem sjúkrahjálfarinn okkar hefur séð.



Svavar Örn Þórðarson

#8

Fyrrum félög: Uppalinn

Leikir fyrir Njarðvík: 8

Mörk fyrir Njarðvík: 1

Sturluð staðreynd: Svavar skoraði sitt fyrsta meistaraflokksmark gegn Stjörnunni í vetur.



Daði Fannar Reinhardsson

#12

Fyrrum félög: Reynir/Víðir, Reynir S.

Leikir fyrir Njarðvík: 5

Mörk fyrir Njarðvík: 0

Hvað segja stuðningsmennirnir?

Án sterkra stuðningsmanna væri leiðinlegra að spila knattspyrnu. Njarðvík getur státað sig af því að eiga stuðningsmenn með stórt Njarðvíkurhjarta sem gera óeigingjarna hluti fyrir klúbbinn sinn. Við tókum púlsinn á þeim nokkrum og spurðum þá út í komandi tímabil.



Haukur Aðalsteinsson

1. **Hvar endar liðið?** Það endar í 5.sæti og fer upp í Bestu deildina í umspilinu.
2. **Með hverjum á að fylgjast í sumar?** Það eru tvö nöfn sem koma í hugann, Amin Cosic og Svavar Örn Þórðarson. Þeir geta hæglega átt gott tímabil.
3. **Hver verður markahæstur?** Dominik Radic verður markahæstur.

Thor Ólafur Hallgrímsson

1. **Hvar endar liðið?** Liðið endar í efstu þremur sætunum.
2. **Með hverjum á að fylgjast í sumar?** Oumar Diouck er helvíti sprækur og svo er Kaj Leó, færeyingurinn með geggjáðan vinstri fót.
3. **Hver verður markahæstur?** Oumar verður markahæstur.



Þorvaldur Norðfjörð Agnarsson

1. **Hvar endar liðið?** Top 5, en ná því miður ekki að fara upp gegnum umspilið.
2. **Með hverjum á að fylgjast í sumar?** Freysteini, hann er helvíti efnilegur. Svo er ég hrifin af Hregga í vinstri bakverði.
3. **Hver verður markahæstur?** Oumar, 100p.

Knattspyrnudeild Njarðvíkur þakkar styrktaraðilum kærlega fyrir stuðninginn fyrir sumarið



Knattspyrnudeild Njarðvíkur þakkar styrktaraðilum kærlega fyrir stuðninginn fyrir sumarið

BÍLALEIGA
AKUREYRAR

Höldur

Europcar



REYKJANESAPÓTEK

Blakksmíðja
A.G.
Höfnustaríyðv. 2007



Airport
Associates

-at your service!

BLUE
CAR RENTAL

GEYSIR

nettó

Hertz

RISS

VERKFRÆÐISTOFA

Knattspyrnudeild Njarðvíkur þakkar styrktaraðilum kærlega fyrir stuðninginn fyrir sumarið

HUG

VERKTAKAR

Nýsmíði • Húsviðgerðir
863 4346 • 847 1458



HS ORKA

LENGJAN



HS VEITUR



JBÓ
Pípulagnir



SB Málun ehf.

Sverrir Þór 899-2032 Brynjar Hólm 896-5636
sbmahm@gmail.com

SJÓVÁ

**VERNE
GLOBAL**

Knattspyrnudeild Njarðvíkur þakkar styrktaraðilum kærlega fyrir stuðninginn fyrir sumarið



Knattspyrnudeild Njarðvíkur þakkar styrktaraðilum kærlega fyrir stuðninginn fyrir sumarið



**Knattspyrnudeild Njarðvíkur
þakkar styrktaraðilum kærlega
fyrir stuðninginn fyrir sumarið**

RAAFHOLT



GRJÓTGARÐAR EHF

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

#FYRIRFÁNANN

Leikir Njarðvíkur 2024

1.umferð

Fös. 3. 5. 2024

Leiknir R. - Njarðvík

DomusNova völlurinn kl. 19:15

2.umferð

Fim. 9. 5. 2024

Njarðvík - Dalvík/Reynir

Nettóhöllin - Gervigras kl. 16:00

3.umferð

Lau. 18. 5. 2024

Þróttur R. - Njarðvík

Avis völlurinn kl 14:00

4.umferð

Lau 25. 5. 2024

Njarðvík - ÍBV

Rafholtsvöllurinn kl 16:00

5.umferð

Fös. 31. 5. 2024

Njarðvík - Þór

Rafholtsvöllurinn kl 18:00

6.umferð

Fim. 6. 6. 2024

Fjölknir - Njarðvík

Egilshöll kl 18:00

7.umferð

Fim. 13. 6. 2024

Njarðvík - ÍR

Rafholtsvöllurinn kl 19:15

8.umferð

Mið. 19. 6. 2024

Grótta - Njarðvík

Vivaldivöllurinn kl 19:15

9.umferð

Mið 26. 6. 2024

Keflavík - Njarðvík

HS Orku völlurinn kl 19:15

10.umferð

Sun. 30. 6. 2024

Njarðvík - Afturelding

Rafholtsvöllurinn kl 19:15

11.umferð

Fim. 4. 7. 2024

Njarðvík - Grindavík

Rafholtsvöllurinn kl 19:15

12.umferð

Lau. 13. 7. 2024

Dalvík/Reynir - Njarðvík

Dalvíkurvöllur kl 16:00

Leikir Njarðvíkur 2024

13.umferð

Fim. 18. 7. 2024

Njarðvík - Leiknir R.

Rafholtsvöllurinn kl. 19:15

14.umferð

Fim. 25. 7. 2024

Njarðvík - Þróttur R.

Rafholtsvöllurinn kl 19:15

15.umferð

Lau 3. 8. 2024

ÍBV - Njarðvík

Hásteinsvöllur kl 14:00

16. umferð

Lau 10. 8. 2024

Þór - Njarðvík

VÍS völlum kl 16:00

17.umferð

Mið. 14. 8. 2024

Njarðvík - Fjölnir

Rafholtsvöllurinn kl 19:15

18.umferð

Sun. 18. 8. 2024

ÍR - Njarðvík

ÍR - völlum kl 14:00

19.umferð

Fim. 22. 8. 2024

Njarðvík - Gróttá

Rafholtsvöllurinn kl 18:00

20.umferð

Fös. 30. 8. 2024

Afturelding - Njarðvík

Malbikstöðin að Varmá kl 18:30

21.umferð

Lau. 7. 9. 2024

Njarðvík - Keflavík

Rafholtsvöllurinn kl 16:15

22.umferð

Lau. 14. 9. 2024

Grindavík - Njarðvík

Stakkavíkurvöllur-Safamýri kl 14:00



**Notum
getraunanúmerið 260
þegar við tippum!**

SAGAN

LEIKJAHÆSTIR Í SÖGUNNI

Kristinn Örn Agnarsson (1983)	266 leikir (1998-2014)
Ari Már Andrésson (1996)	220 leikir (2012-2022)
Bergþór Ingi Smárason (1994)	220 leikir (2013-2023)
Arnar Helgi Magnússon (1996)	219 leikir (2016- í dag)
Árni Þór Ármannsson (1985)	216 leikir (2005-2013)
Guðni Erlendsson (1978)	212 leikir (1996-2008)
Kristinn Björnsson (1987)	196 leikir (2004-2013)
Kenneth Hogg (1991)	186 leikir (2017- í dag)
Rafn Markús Vilbergsson (1983)	180 leikir (2006-2016)
Einar Valur Árnason (1987)	180 leikir (2004-2017)



MARKAHÆSTIR Í SÖGUNNI

Sævar Eyjólfsson (1978)	74 mörk (1997-2007)
Kenneth Hogg (1991)	73 mörk (2017- í dag)
Eyþór Guðnason (1975)	68 mörk (1997-2010)
Rafn Markús Vilbergsson (1983)	53 mörk (2006-2016)
Theodór Guðni Halldórsson (1993)	49 mörk (2013-2018)
Bergþór Ingi Smárason (1994)	49 mörk (2013-2023)
Högni Þórðarson (1976)	44 mörk (1996-2008)
Andri Fannar Freysson (1992)	44 mörk (2009-2019)
Oumar Diouck (1994)	44 mörk (2022-í dag)
Bjarni Sæmundsson (1977)	41 mark (1998-2010)



YNGSTIR Í SÖGUNNI

Freysteinn Ingi Guðnason (2007)	14 ára, 11 mán, 4 daga
Óskar Örn Hauksson (1984)	15 ára, 14 daga
Ari Már Andrésson (1996)	15 ára, 10 mán, 11 daga
Kristinn Örn Agnarsson (1983)	16 ára, 2 mán, 22 daga
Helgi Már Vilbergsson (1993)	16 ára, 4 mán, 12 daga
Brynjar Atli Bragason (2000)	16 ára, 5 mán, 23 daga
Gunnar Örn Einarsson (1983)	16 ára, 6 mán, 4 daga
Frans Elvarsson (1990)	16 ára, 8 mán
Kristinn Björnsson (1987)	16 ára, 8 mán
Ingvar Jónsson (1989)	16 ára, 8 mán, 10 daga



Sjáumst á Rafholtsvellið í sumar!

Verð: 20.000 kr.
Aðgangsmiði á alla
heimaleiki auk
hressingar í hálfleik.

Hægt að kaupa í
gegnum Stubb eða
með tölvupósti á
njardvikfc@umfn.is



#FYRIRFÁNANN